

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1551/2023, um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglugerðarinnar:

- Í stað orðanna „frá heilsugæslu- eða heimilislækni“ í 6. tölul. 1. mgr. kemur: skv. 4. gr. reglugerðar nr. 313/2017, um tilvísanir fyrir börn,“.
- Við 6. tölul. 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára greiða ekkert gjald fyrir bráða- og vaktþjónustu sérfræðinga í barnalækningum og þjónustu sérfræðinga í augnlækningum og kvensjúkdómalækningum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Börn greiða ekkert gjald.
4. tölul. 1. mgr. fellur brott.
3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Börn greiða ekkert gjald.
4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

3. gr.

Á eftir orðinu „heilsugæslustöð“ í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar kemur: eða sjúkrahúsi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sbr. 2. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 19. gr. sömu laga, öðlast gildi 1. júní 2024.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. maí 2024.

Willum Þór Þórsson.

Sigurður Kári Arnason.